

RE: skapandi sumarstarf

Til : svalanordal@gmail.com
Frá : Ágúst Sigurðsson
CC : Saga Sigurðardóttir;
Heiti : RE: skapandi sumarstarf
Málsnúmer : 2004009
Málsaðili : Rangárþing ytra
Skráð dags : 06.04.2020 12:57:19
Höfundur : Saga Sigurðardóttir

Sæl Svala

Mjög góð hugmynd – við skulum finna leið til að útfæra þetta. Ég sendi þetta á hana Sögu sem er markaðs- og kynningarfulltrúi okkar, hún er einnig starfsmaður Atvinnu- og menningarmálanefndar og Ungmennaráðs. Bið hana að vera í sambandi við þig og finna leið til að útfæra þetta.

Kær kveðja

Ágúst

Ágúst Sigurðsson

Sveitarstjóri

Rangárþings ytra

s. 7874545

From: Svala Norðdahl
Sent: miðvikudagur, 25. mars 2020 20:00
To: Ágúst Sigurðsson
Subject: skapandi sumarstarf

Sæll Ágúst.

Ég heiti Svala og er á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Mig langar að leggja inn smá hugmynd að atvinnu ungs fólks hér í sveitarfélaginu.

Sérstaklega í ljósi þess að sumarstörf í frerðapjónustu verða líklega ekki mjög auðfenginn þetta sumar eins og áður hefur verið.

Hugmyndin er að sveitarfélagið myndi bjóða upp á skapandi sumarstarf fyrir ungmenni, fordæmi er fyrir slíku verkefni í mörgum sveitarfélögum vítt og breytt um landið.

Starfið myndi felast í því að ungmenni með hjálp fullorðinns aðstoðarmanns myndi setja saman hóp af hæfileikaríkum listaþynkjandi ungmennum sem myndu t.d. setja upp leikrit, skreyta bæinn, skemmta leikskóla krökkum, koma fram á bæjarhátíðum og kannski eitthvað fleira.

Þarna myndi sveitarfélagið ýta undir menningu ungs fólks í sveitarfélaginu, en það hefur verið fábrotið menningarlíf fyrir ungmenni í sveitarfélaginu undan farinn ár.

Það er kominn tími til að hvetja unga til skapandi starfa og lista í sveitarfélaginu.

Í öðrum sveitarfélögum hefur þetta verið unnið í samræmi við bæjarvinnuna og von mín er að við í Rangarþingi ytra getum gert eitthvað svipað.

Kær kveðja Svala Norðdahl